



O.M.E.P.
Organisation Mondiale pour l'Éducation Précolaire
World Organization for Early Childhood Education
Organización Mundial para la Educación Preescolar

BERNSKAN
Íslandsdeild O.M.E.P.
Aragötu 8 • 101 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/357

komudagur 8/12 1995 Reykjavík, 7. des. 1995

BERNSKAN, Íslandsdeild OMEP (alþjóðasamtök um uppeldi ungra barna) þakkar háttvirtri allsherjarnefnd Alþingis fyrir að hún hefur með bréfi frá 8. nóvember s.l. veitt félaginu kost á að tjá sig um frumvarp til laga um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.

Stjórn félagsins hefur athugað frumvarpið og fól löglærðum félagsmönnum sínum að kanna það nánar. Felst stjórnin á ábendingar þeirra er fram koma í meðf. fylgiskjali.

Stjórn Bernskunnar telur að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða, er varði hag barna og foreldra. Mælir stjórnin eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt og þeir tveir fjölþjóðlegu samningar, er það fjallar um, verði fullgiltir af Íslands hálfu hið fyrsta.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar Bernskunnar

Valborg Sigurðardóttir
Valborg Sigurðardóttir, formaður

Málefni:

Frumvarp til laga um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.

Frumvarpið fjallar um tvo fjölþjóðlega samninga um það efni, sem greinir í fyrirsögn þess, þ.e. Evrópuráðssamning frá 20.maí 1980 og samning 25.október sama ár sem gerður var á vegum Haag-ráðstefnunnar. Samningarnir stefna að sama markmiði að því er varðar börn, sem brottnumin eru og flutt ólöglega milli landa, en auk þess fjallar Evrópuráðssamningurinn um viðurkenningu og fullnustu á ákvörðunum varðandi forsjá barna, umgengnisrétt o.fl.

Í frumvarpinu eru auk almennra ákvæða í I., II. og VI. kafla sér ákvæði um hvorn samning um sig í III. og IV. kafla. Með frv. er að því stefnt að fá lagagrundvöll undir fullgildingu samninganna af Íslands hálfu. Er sú lagatækni, sem hér er valin, tvímælaust heppileg, en þar er þó fleiri kostar vöð.

Samningarnir fjalla um mikilvæg málefni barna og foreldra. Reynsla okkar sýnir með dapurlegum hætti, að brýn þörf er á að Ísland gerist hið fyrsta aðili að samningum þessum. Með frumvarpinu er vel séð fyrir framkvæmd þeirra af Íslands hálfu og sýnist þar vera gripið á öllum þeim atriðum, sem nauðsynlegt er að lögfesta af þessu tilefni. Er frv. vandlega undirbúið.

Hér á eftir fara fáeinar ábendingar til álita:

1. Í fyrirsögn frumvarpsins er eðlilegt, og í samræmi við 6.gr. þess, að skjóta inn á eftir "forsjá barna" orðunum: "og umgengnisrétt".
2. Í 1.gr. o.fl. greinum er talað um "Evrópusamning", nákvæmara orðalag er Evrópuráðssamningur.
3. Í 1.gr. 1.mgr. lokamálslið kæmi til greina í leiðsöguskyni að vitna til heimilda á því er varðar "sérstakar reglur" í þeim samskiptum Íslands við hin Norðurlöndin, er þar greinir.
4. Í 4.gr. er lagt til, að í stað orðanna "aðrar ákvarðanir" komi "aðrar (slíkar) úrlausnir".

7. desember 1995